

Fræðslu- og stuðningþarfir nýbakaðra mæðra við upphaf brjóstgjafar á

Landspítala

Hallfríður Kristín Jónsdóttir, ljósmóðir

Hildur Sigurðardóttir, lektor

Markmið rannsóknarinnar er að kortleggja fræðslu og stuðningsþarfir mæðra í tengslum við upphaf brjóstgjafar. Leitast verður við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

1. Hverjar eru fræðsluþarfir mæðra við upphaf brjóstgjafar á fyrstu 10 dagana eftir fæðingu?
2. Hvers konar stuðning vilja mæður fá frá heilsbrigðisstarfsfólki við upphaf brjóstgjafar?

Eftir að leyfi hefur fengist fyrir framkvæmd rannsóknar munu rannsakendur senda þátttakendum rafrænan spurningalista í gegnum tölvupóst. Starfsfólk Meðgöngu- og sængurlegudeildar mun kynna rannsókn og afhenda kynningarbréf fyrir konum eftir fæðingu. Konur sem vilja taka þátt skila eyðublaði með upplýstu samþykki þar sem þær gefa upp netfang sitt.

Spurningalistinn er m.a. byggður á kvörðum og spurningum sem áður hafa verið prófaðir. Áætlað er að gagnasöfnun fari fram í janúar tll apríl 2024 og er vonast til að ná til um það bil 200-300 kvenna. Skilyrði fyrir þátttöku munu verða að um sé að ræða fulla meðgöngu án alvarlegra heilsufarsvandamála.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnun og Embætti Landlæknis mæla með að brjóstgjöf hefjist á fyrstu klukkustund eftir fæðingu og að börn séu eingöngu á brjósti fyrstu 6 mánuði lífs síns (WHO, 2018; Embætti Landslæknis, 2021). Heilsufarslegur ávinningur brjóstgjafar er vel þekktur fyrir bæði móður og barn (Victora o.fl., 2016; WHO, 2020). Vonast er til að rannsóknin leiði af sér upplýsingar sem byggja megi á við þróun valdeflandi aðferða við fræðslu og stuðning til mæðra við upphaf brjóstgjafar sem einnig gæti nýst sem grunnur að þróun faglegra leiðbeininga.